

D ó m s o r ð:

Nauðungaruppböð það, er fram fór á húsgrunni nr. 84 við Grundargötu í Grundarfirði, eign áfrýjandans, Kristins Arnbergs Sigurðssonar, í uppböðsrétti Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 23. júlí 1982, á að vera ómerkt og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Mánudaginn 26. mars 1984.

Nr. 230/1982. **Trésmiðafélag Reykjavíkur**

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

gegn

Trésmiðjunni K-14 s/f

(Helgi V. Jónsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 24. nóvember 1982, að fengnu áfrýjunarleyfi s.d., þar eð lögboðinn áfrýjunarfrestur var liðinn, sbr. 20. gr., 2. mgr., laga nr. 75/1973, og með því að sakarfejni nam eigi áfrýjunarupphæð, sbr. 13. gr., 2. mgr., og 16. gr. sömu laga, en Hæstiréttur mælti með því samkvæmt 16. gr., að áfrýjunarleyfi yrði veitt.

Áfrýjandi krefst þess, að „stefndi verði dæmdur til þess að greiða áfrýjanda kr. 1.431,05 auk 16% ársvaxta af kr. 540,79 frá 1.1. 1978 til 21.2. s.á., en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1.1. 1979, en af kr. 1.431,05 frá þ.d. til 1.6. 1979, 22% ársvöxtum frá þ.d. til 1.9. s.á., 27% ársvöxtum frá þ.d. til 1.12. s.á., 31% ársvöxtum frá þ.d. til 1.6. 1980, 46% ársvöxtum frá þ.d. til 1.3. 1981, 42%

ársvöxtum frá þ.d. til 1.6. 1981, en með 39% ársvöxtum frá þ.d. til 1.11. 1982, 47% ársvöxtum frá þ.d. til 21.9. 1983, 39% ársvöxtum frá þ.d. til 21.10. s.á., 36% ársvöxtum frá þ.d. til 21.11. s.á., 32% ársvöxtum frá þ.d. til 21.12. s.á., 25% ársvöxtum frá þ.d. til 21.1. 1984, 19% ársvöxtum frá þ.d. til uppsögu dóms, en með hæstu innlánsvöxtum eins og þeir verða á hverjum tíma frá þ.d. til greiðsludags.“ Þá er krafist málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu sækir áfrýjandi stefnda um greiðslu á iðgjöldum vegna starfsmanna stefnda til sjúkrastyrktar- og orlofsheimilaskjóðs félagsins. Er krafan reist á 3. gr. laga nr. 9/1974 og ákvæðum kjarasamnings byggingamanna frá 22. júní 1977, en áfrýjandi kveður Skattstofu Reykjanesumdæmis hafa ákvarðað iðgjöldin.

Í 3. gr. laga nr. 9/1974 er sú skylda lögð á vinnuveitanda að greiða í sjúkraskjóði og orlofsskjóði viðkomandi stéttarfélags iðgjöld þau, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um hverju sinni, og samkvæmt þeim reglum, sem kjarasamningar greina.

Mál þetta er að ýmsu leyti vanreifað og upplýsingar skortir um einstök atriði, sem máli skipta. Eigi eru tiltækar upplýsingar í málinu um það, hver starfsréttindi þeirra manna voru, sem unnu í þágu stefnda á þeim tíma, er um ræðir í málinu og gjaldskylda er talin stafa af, og hvort þeir voru í öðrum stéttarfélögum en Trésmiðafélagi Reykjavíkur. Þá skortir gögn um það, eftir hvaða launataxta þeir unnu og hver heildarlaun þeirra voru, sem iðgjöld eru miðuð við, svo og lýsingu á störfum þeirra. Eigi hafa verið lagðir fram launamiðar þessara manna eða önnur gögn, sem Skattstofa Reykjanesumdæmis reisti ákvörðun sína um iðgjöld á, og er tilefni til að kanna það mál, eins og lagaákvæði horfa við, þótt fjárhæð iðgjalda sé ekki andmælt af hendi stefnda.

Svo sem máltilbúnaði er háttað, þykir óhjákvæmilegt að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins frá og með munnlegum málflutningi í þinghaldi 26. janúar 1982 og vísa málinu heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með munnlegum málflutningi í þinghaldi 26. janúar 1982 eiga að vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. febrúar 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 26. janúar sl. höfðaði Trésmiðafélag Reykjavíkur, Suðurlandsbraut 30, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Trésmiðjunni K-14 s.f., Flugumýri 6, Mosfellssveit, nnr. 8936-7298.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða kr. 1.431.05 með 3% dráttarvöxtum frá 1. janúar 1978 af kr. 540.79 til 1. janúar 1979 og af kr. 1.431.05 frá þeim degi til 1. júní 1979, en með 4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, með 4.5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 46% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað samkvæmt taxta L.M.F.Í.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og að hann verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað skv. gjaldskrá L.M.F.Í.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu án árangurs.

Aðiljar málsins eru sammála um að reka mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Í stefnu segir, að hin umstefnda skuld sé til komin vegna vangreidds iðgjalds stefnda í sjúkra-, styrktar- og orlofsheimilaskjóð stefnanda af útborguðu kaupum sveina og nema á félagssvæði stefnanda, sem starfað hafi hjá stefnda á árunum 1977-1978. Iðgjöldin hafi verið lögð á stefnda af skattstofu Reykjanesumdæmis miðað við framtaldar launagreiðslur samkvæmt viðkomandi skattframtölum stefnda.

Upphafleg krafa stefnanda var um greiðslu á kr. 2.410.34. Á dskj. 13 er útreikningur kröfugerðar stefnanda. Þar segir, að reiknað sé gjald af 10 ársverkum, sem dreifist yfir á tvö ár. Eigendurnir séu tveir og skili því 4 ársverkum. Kröfur séu lækkaðar um helming (þ.e. 2 af 4 séu eig.) vegna ársins 1977 og 2/6 v/1978 (þ.e. 2 eig. af 6). Fyrir árið 1977 kr. 540.79 (var áður 1.081.58). Fyrir árið 1978 kr. 890.26 (var áður 1.328.76). Samtals kr. 1.431.05.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að öllum atvinnurekendum sé skylt að greiða iðgjöld í sjúkra- og orlofssjóði viðkomandi stéttarfélaga, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um hverju sinni og samkvæmt þeim reglum, sem kjarasamningar greina, sbr. 3. gr. laga nr. 9/1974 um starfskjör launþega o.fl., sbr. nú lög nr. 55/1980. Þessar reglur séu nánar tiltekið í 9. kafla kjarasamnings Sambands byggingamanna annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna, Meistarasambands byggingamanna f.h. aðildarfélaga sinna og Félags húsgagna- og innréttingaframleiðenda og Meistarafélags húsgagnabólstrara hins vegar, er tók gildi 22. júní 1977 og hafi því gilt á því tímabili, sem hér um ræðir, sbr. greinar 9.1 og 9.2, sbr. dskj. 6.

Gjöldin til sjúkrasjóðs séu 1% á útborgað kaup og gjöld til orlofssjóðs 0.25% á allt kaup.

Álagning skattstofunnar, sem byggð sé á upplýsingum stefnda hafi ekki sætt kærufélag af hálfu stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að skv. 3. gr. laga nr. 9/1974 sé forsenda fyrir greiðslu atvinnurekenda á iðgjöldum í viðkomandi sjúkra- og orlofsheimilassjóði, að launþegarnir séu meðlimir í viðkomandi stéttarfélagi. Iðgjaldið sem hér um ræðir sé vegna áranna 1977 og 1978. Hvorki á þeim árum, árinu 1976 né síðar hafi stefndi greitt laun til aðilja, sem eru félagar í félagi stefnanda. Sé því ekki um neina greiðsluskyldu af hálfu stefnda að ræða í nefnda sjóði stefnanda.

Niðurstaða.

Ágreiningur málsaðilja er eingöngu um greiðsluskyldu. Viðurkennt er, að stefndi hafi ekki greitt til annarra félaga en stefnanda iðgjöld í sjúkra-, styrktar- og orlofssjóð vegna starfsmanna sinna. Samkvæmt lögum og reglum stefnanda eru það einungis félagsmenn í stefnanda, sem eiga rétt til styrkja úr sjúkrastyrktar- og orlofssjóði stefnanda eða dvalar í orlofsheimilum orlofssjóðs stefnanda.

Þrátt fyrir skýlaus ákvæði 3. gr. laga nr. 9/1974 um greiðsluskyldu vinnuveitanda á iðgjöldum í sjúkrasjóði og orlofssjóði verður ekki talið, að stefnda sé skylt að greiða iðgjöld þessi til sjóða stefnanda þegar af þeirri ástæðu, að því er ómótmælt haldið fram, að þeir starfsmenn, sem stefnandi krefur um iðgjald fyrir, séu ekki félagsmenn í stefnanda. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af málinu. Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Trésmiðjan K-14 s.f., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Trésmiðafélags Reykjavíkur, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 27. mars 1984.

Nr. 181/1982. **Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**

og

Útvarpsstjóri f.h. Ríkisútvarpsins

(Gunnlaugur Claessen hrl.)

gegen

Viðari Alfreðssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Kaupgjaldsmál. Fébætur. Opinberir starfsmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjendur skutu héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 17. september 1982. Þeir krefjast þess aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnda og þeim dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hans hendi.

Til vara krefjast áfrýjendur þess, að þeir verði einungis dæmdir til að greiða stefnda 18.636.00 krónur með vöxtum eins og greinir í héraðsdómi og að málskostnaður verði felldur niður.

Til þrautavara krefjast áfrýjendur þess, að þeir verði einungis dæmdir til að greiða 47.987.00 krónur með vöxtum eins og greinir í héraðsdómi og að málskostnaður verði felldur niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða honum óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.